

Zarapústratrú



Varð til: Líklega á 7. – 6. öld f.Kr.,
e.t.v mun fyrr.


Fjöldi iðkenda: 150.000.

Útbreiðsla: Í Íran og Indlandi og
þaðan um allan heim.

Zarapústratrú




- Sarapústratrú er **elst útbreiddra eingyðistrúarbragða** og sumir þættir hennar, til dæmis **andstæður góðs og ills**, voru teknir inn í nýlegri trúarbrögð eins og **gyðingdóm** og þaðan síðan inn í **kristni og íslam**.
- **Sarapústra** var spámaður í Persíu, þar sem nú er Íran. Hann var upphafsmaður þeirra trúarbragða sem kennd eru við hann, **Sarapústratrúar**.
- Ekki er með öllu ljóst hvenær Sarapústra var uppi og hafa ártöl allt frá 6000 til 600 fyrir okkar tímatal verið nefnd. Líklegast þykir að hann hafi verið uppi einhvern tíma milli 1500 og 1000, hugsanlega kringum 1200.
- Þótt þeir sem aðhyllast Sarapústratrú séu nú á dögum innan við 200 þúsund var þessi trú á sínum tíma ríkistrú í Persíu.
- Boðskapur Sarapústra hafði **gífurleg áhrif á seinni tíma trúarbrögð** svo sem gyðingdóm, kristni og íslam og er talað um Sarapústra sem **fyrsta boðbera eingyðistrúar**.



Zarapústratrú



- Samkvæmt goðsögnum fæddist Zarapústra hlæjandi og allur heimurinn fagnaði fæðingu hans. Sagt var að forspár um fæðingu hans hefðu verið til frá upphafi tíma. Illir andar reyndu að koma barninu fyrir kattarnef en það var undir verndarhendi hins góða.
- Upp úr þritugu fór Zarapústra að fá vitranir og **hafnaði fjölgyðistrúnni** sem á tíma hans var ríkjandi í Persíu.
- Hann boðaði trú á góðan, almáttugan guð, **Ahura Mazda**, sem ætti í baráttu við hið illa, **Angra Mainyu**.
- Zarapústra boðaði að mennirnir hefðu frjálstan vilja og gætu valið að fylgja hinu góða eða hinu illa. Sálir hinna réttlátu ættu svo vísa himnavist en sálir hinna ranglátu færu til helvítis. Þegar baráttu góðs og illis lyki, og hið góða sigraði hið illa, yrði heimurinn fyrir eins konar endurnýjun, **Frashokereti**, þar sem dauðir rísa upp.
- Að auki herma goðsagnir Zarapústratrúarmanna að heiminum muni fæðast þrír frelsarar af hreinum meyjum.
- Skyldleikinn við þau eingyðistrúarbrögð sem við þekkjum betur nú á dögum í okkar heimshluta ætti að vera augljós.



Zarapústratrú



- Goðsagnir herma að Sarapústra hafi framið mörg kraftaverk og meðal annars hafi hann snúið konungi nokkrum til trúar sinnar með því að lækna uppáhalds hestinn hans.
- Sagt er að Sarapústra hafi verið myrtur við bænaiðkun, 77 ára gamall.
- Sú trú sem Sarapústra boðaði varð **ríkistrú þriggja stórvelda** í Persíu frá 6. öld f.Kr. til 7. aldar e.Kr. og var hún trúlega valdamestu trúarbrögð heims á þeim tíma.
- Með útbreiðslu íslam varð Sarapústratrú undir og urðu áhangendur hennar fyrir **miklum ofsóknum**.
- Þrátt fyrir ofsóknirnar öldum saman er enn að finna um 20 þúsund manna ættflokk í Írak sem aðhyllist trúna og kallast sá ættflokkur gabr eða Zardushti.
- Stærri ættflokk, Parsa, er að finna í Indlandi en þeir eru nú um 110 þúsund. Parsar eru komnir af hópi Sarapústratrúarfólks sem flúði ofsóknir í Persíu á 10. öld og settist að í Indlandi.



Zarapústratrú



- Samkvæmt hefðinni geta utanaðkomandi ekki snúist til Zarapústratrúar heldur þarf fólk að fæðast inn í hana. Augljós afleiðing þessarar hefðar er að áhangendum trúarinnar fer smám saman fækkandi og hefur hefðin orðið umdeild á síðari tímum. Sumt Zarapústratrúarfólk vill taka upp frjálslyndari stefnu í þessum efnum.
- Helsta trúarrit Zarapústratrúar er hin heilaga bók **Avesta**. Í henni eru meðal annars Gatha, 17 sálmar í fimm bálkum sem Zarapústra mun sjálfur hafa ort. Að auki má nefna **Pahlavi-textana** sem eru mun yngri en Avesta.
- Eldur er mikið notaður við trúarathafnir í Zarapústratrú en hann er tákn fyrir ljós Guðs og Asha, hið réttláta alltumlykjandi náttúrulögmál. Sumir, sérstaklega þeir sem hafa viljað gera lítið úr Zarapústratrú, hafa túlkað þetta sem svo að trúin feli í sér dýrkun á eldi en þeir sem aðhyllast trúna segja þetta mikinn misskilning.
- Zarapústrumenn biðjast fyrir fimm sinnum á dag nærri eldi sem táknar ráðvendni. Þeir tilbiðja líka í hofum frammi fyrir helgum eldi.
- Lykilatriði í trúariðkuninni er að feta hinn þrefalda veg: góðar hugsanir, góð orð og góðar gjörðir.